

Lindarfiskur ehf.  
Sigtúni 6  
870 Vík

Reykjavík, 2.2.2023  
UST202202-418/G.S.O.  
08.12.02

### **Efni: Málslok**

Umhverfisstofnun vísar í bréf dags. 14. desember 2022 þar sem stofnunin óskaði eftir tímasettri úrbótaáætlun vegna fráviks er fram kom í eftirliti þann 27. október 2022. Frestur var veittur til 5. janúar 2023 til að skila inn áætluninni.

Frávikið var eftirfarandi:

- **Gr. 3.4 og 4.3 í starfsleyfi.** Reikna skal losun fosfórs út frá innihaldi fóðurs og upptöku næringarefna og má hún ekki vera meiri en 9,0 kg/tonn af framleiddum fiski. Samkvæmt útreikningi UST var losunin að lágmarki 11,5 kg/tonn af framleiddum fiski. **Samkvæmt nýjum útreikningum frá rekstraraðila, þar sem tekið er tillit til allra forsendna, er losunin undir viðmiðum.**

**Umhverfisstofnun hafa borist fullnægjandi upplýsingar um úrbætur og telst frávikin lokið.**

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Freyr Ævarsson  
sérfræðingur

Gunnhildur Sif Oddsdóttir  
lögfræðingur